

Nð.

229. Frumvarp

til laga um almenn sjúkrasamlög.

Flutningsmaður: Björn Stefánsson.

1. gr.

Í hverju sveitarfjelagi¹⁾ á landinu skal stofna sjúkrasamlag, til styrktar öllum þeim, ungum og gömlum, konum sem körlum, sem læknishjálpar þurfa að leita, öðrum en þeim, sem ekkert gjalda til samlagsins samkv. 3. gr. c. Sjóðir þessir skulu styrktir með árlegu tillagi úr landssjóði, sem nemur 40 aukum á hvern mann í landinu. Sjúkrasamlag hvernar sveitar skal og styrkt með árlegu tillagi úr sveitarsjóði, sem nemur 25 aukum á hvern mann í sveitarfjelinu.

2. gr.

Gjaldskyldir til samlagsins eru allir, konur og karlar, sem eru fullra 16 ára og ekki yfir 65 ára við næsta nýár áður en skýrsla er gerð, samkv. lögum þessum, nema þeir:

- a. sem njóta sveitarstyrks.
- b. sem fyrir heilsubrest geta ekki unnið fyrir sjer,
- c. sem eru í lögskráðu samlagi skv. l. nr. 39, 11. júlí 1911, og breytingum á þeim.

3. gr.

Hver gjaldskyldur karlmaður 20—55 ára greiðir samlaginu 1,50 kr. á ári. Hver gjaldskyldur kvenmaður á sama aldri 1 kr. á ári. Gjaldskyldir yngri menn og konur en 20 ára, eða eldri en 55 ára, greiða hálfu minna gjald.

Undanþegnir árlegu gjaldi eru þeir karlar, sem í eitt skifti fyrir öll greiða 60 kr., og þær konur, sem í eitt skifti fyrir öll greiða 40 kr. í samlagssjóð.

4. gr.

Sveitarstjórnir skulu fyrir lok janúarmánaðar ár hvert semja skrá yfir alla þá í sveitarfjelinu, sem það ár eru gjaldskyldir til samlagsins.

Skulu þar með taldir þeir, sem fjarverandi eru, ef heimilisfang eiga í sveitarfjelinu. Skrár þessar skulu liggja almenningi til sýnis á fundarstað sveitarinnar 1.—10. febr. næsta á eftir. Áliti einhver sig ranglega settan á skrána, eða skakt sagt til um aldur hans, svo að hann fyrir það verði að borga herra tillag heldur en ef aldurinn væri rétt talinn, gerir hann sveitarstjórninni aðvart um það fyrir lok febrúarmánaðar. Áliti sveitarstjórn aðvörun þessa á rökum byggða, leiðrjettir hún skrána tafarlaust samkvæmt því.

1) Í frv. þessu tákna »sveitarfjela« bæði sveitar- og bæjarfjela. Einnig »sveitarstjórnir« bæði hreppsnefndir og bæjarstjórnir.

5. gr.

Sveitarstjórnir velja einn mann úr sinum flokki til þess að hafa á hendi innheimtu, reikningshald og útborganir úr sjóðnum, umsjón hans og meðferð alla, eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum. Í ómakslaun fær hann 3% af árlegu iðgjaldi gjaldskyldra meðlima sveitarfjelagsins.

Gjalddagi iðgjaldanna er 20. júlí.

6. gr.

Árgjald til samlagsins má taka lögtaki samkv. lögum 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar. Hafa sjúkrasamlagsgjöld sama forgangsrjett í dánar- eða þrotabú gjaldenda eins og skattar og gjöld landssjóðs.

7. gr.

Sveitarstjórnir skulu í aprilmánuði ár hvert senda stjórnarráði Íslands skrá yfir alla þá, sem þar eru gjaldskyldir til samlagsins það ár, ásamt vottorði hlutaðeigandi prests eða lögreglustjóra um mannfjölda í sveitarfjelinu við næstu áramót á undan. Stjórnarráðið sendir svo sveitarstjórninni í næsta september á eftir $\frac{3}{4}$ af landssjóðstillaginu, sem það ár kemur til útborgunar.

8. gr.

$\frac{1}{4}$ af landssjóðstillaginu leggur stjórnarráðið inn í aðaldeild Söfnunarsjóðsins, þar sem það ávaxtast undir umsjón og eftirliti landlæknis. Hefir hvert sveitarfjelað þar reikning út af fyrir sig. Í þann reikning leggjast og þeir peningar, sem landlækni kunna að verða sendir samkv. 10. og 12. gr.

9. gr.

Hver sá, sem hefir þurft til læknis að leita frá 1. okt. til 1. okt. fyrir sig eða sitt skyldulið, skal í októbermánuði ár hvert senda alla reikninga sína frá læknum það ár til reikningshaldara þess, sem nefndur er í 5. gr. Eiga reikningarnir að vera kvittaðir af hlutaðeigandi læknum. Skal svo reikningshaldari fyrir 15. nóv. s. á. endurgreiða hlutaðeiganda $\frac{5}{6}$ þeirrar upphæðar, sem hann hefir borgað læknumum í dagpeninga, fyrir lyfseðla, ráðleggingar og önnur læknisverk. Lyfin endurborgast ekki, enda mega læknað ekki hafa þau á sama reikningi, nema þau sju talin saman út af fyrir sig, svo að fljótlega verði sjeð, hvað þau nema miklu af reikningsupphæðinni.

10. gr.

Ef árstekjur sjóðsins allar, aðrar en þær, sem lagðar eru í Söfnunarsjóðinn samkv. 8., 10. og 12. gr., hrökkva ekki til að endurborga $\frac{5}{6}$ reikninganna, dregur reikningshaldari jafna hundraðstölu af öllum þeim reikningum, sem fyrir liggja og eiga að endurgreiðast samkv. 9. gr. Verði aftur á móti afgangur af árstekjunum þegar $\frac{5}{6}$ eru greiddir, má sveitarstjórn ákveða, að borga skuli alt að helmingi lyfjakostnaðar. Verði þá enn afgangur, sendir reikningshaldari þá upphæð með næstu pósthferð landlækni, til innlags í reikning hlutaðeigandi sveitarfjelags við Söfnunarsjóðinn.

Hafi einhver eða einhverjir borgað tillag sitt einu sinni fyrir alt, samkv. 3. gr., skal jafnan senda $\frac{3}{4}$ hluta þeirrar upphæðar í Söfnunarsjóðinn.

11. gr.

Þegar inneign sjúkrasamlags einhverrar sveitar í Söfnunarsjóðnum er orðin það há, að hún nemur 5 kr. á hvern mann í sveitarfjélaginu, skal setja nýjar reglur um útborganir úr sjóðnum, hafi lögum þessum ekki fyr verið breytt.

12. gr.

Hafi sjúkrasamlögum áskotnast aðrar tekjur en gert er ráð fyrir í lögum þessum, með gjöfum eða á annan hátt, mega sveitarstjórnir ákveða, að verja megi alt að $\frac{3}{4}$ hlutum þeirrar upphæðar til styrktar sjúklingum sínum það ár, en $\frac{1}{4}$ minst skal senda í Söfnunarsjóðinn.

13. gr.

Reikningsár sjóðsins er 1. okt. til 1. okt.

14. gr.

Reikningshaldari semur ársreikning sjóðsins í nóv. ár hvert, og sendir hann síðan endurskoðaðan og samþykkan af hreppsnefnd til landlæknis.

15. gr.

Þegar lög þessi koma til framkvæmdar hækkar núgildandi gjaldskrá lækna og dagpeningar um 100%.

Greinargerð.

Tilgangur þessa frv. er tvennur, og er hvortveggja augljós.

1. Bæta launakjör læknanna.
2. Ljetta sjúklingum kostnað þeirra við læknaritjun og læknahjálp.

Að visu gengur frv. þetta ekki eins langt og vera ætti í því að ljetta byrði sjúklinganna. Lengra hefi jeg þó ekki þorað að ganga að þessu sinni. En þar sem frv. þetta er að minni hyggju spor í rjetta átt, vil jeg stíga það strax, í von um að lengra verði gengið þegar betur lætur í ári fyrir landsmönnum og landssjóðnum, og þegar reynslan, sem fæst með þessum lögum, getur orðið ábyggileg leiðbeining um það, hvað miklar tekjur þessir sjóðir þurfi að hafa, til þess að allir sjúklingar geti fengið ókeypis læknishjálp og sjúkrahússvist. Vinnutap nefni jeg ekki. Bætur fyrir það hygg jeg rjettara sje að tryggja með frjálsam samlögum hveurrar stjettar fyrir sig heldur en með lögboðnum samlögum allra stjetta, enda óviðfeldið að skipa þeim að tryggja sjer dagpeninga, sem eru, eða þykjast vera, sjálfum sjer nógir, hvað sem að höndum ber, eða þeim, sem ekkert vinna, þótt heilbrigðir sjeu.

Um hitt — að láta efnamenn og heilbrigða taka þátt í því að borga læknishjálp sjúkra sveitunga sinna — er öðru máli að gegna. Hygg jeg að því verði ekki illa tekið eða álitíð ósanngjarnt:

1. Af því jeg held að flestir eða allir sýni einhverjum sveitunga sínum meiri samúð og hjálp en sem nemur alt að hálfri annari krónu á ári.
2. Jeg tel að skattar sju lagðir á ótraustari og verðminni gjaldstofa en góð heilsa er, og að þennan skatt vilji allir heldur gjalda en njóta og enginn eftir sjer telja. Því þurfi ekki að hika við að leggja hann á.

Krafa læknanna um að fá kjör sin bætt er nú þegar á þessu þingi viðurkend svo rjettmæt — þótt þingm. hrysi hugur við að gera það á kostnað sjúklinganna — að um hana þarf ekki að fjölyrða.

Jeg hefi ekki þau gögn í höndum, að jeg geti reikningslega sagt nákvæmlega, hve miklar tekjur þessir sjóðir muni hafa, en áætlun, ekki mjög fjarri sanni, skal jeg setja hjer. Geri jeg þá ráð fyrir, að landsmenn sju 90 þús., en þar af sju 2 þús. í lögskráðum sjúkrasamlögum eftir eldri lögum. Fyrir rúmu ári voru 1500 í sliikum samlögum, sbr. fylgiskjal með frv. stjórnarinnar 1917 um breyting á lögum um sjúkrasjóði.

Áætlunin verður þá þannig:

| | | |
|--|-----|--------|
| Karlar 20—55 ára áætlaðir 17500 á kr. 1,50 | kr. | 26250 |
| Konur 20—55 ára áætlaðar 18000 á kr. 1,00 | — | 18000 |
| Karlar 16—20 og 55—65 ára áætlaðir 7000 á kr. 0,75 | — | 5250 |
| Konur 16—20 og 55—65 ára áætlaðar 7300 á kr. 0,50 | — | 3650 |
| Tillag sveitarsjóða fyrir 88000 á kr. 0,25 | — | 22000 |
| Tillag landssjóðs fyrir 88000 á kr. 0,40 | — | 35200 |
| Fastar árstekjur alls ... | kr. | 110350 |

Þar frá dregst

| | | |
|--|---------|--------------|
| a. Í Söfnunarsjóð $\frac{1}{10}$ eða | kr. | 11035,00 |
| b. Ómakslaun reikningshaldara, eða 3% af 53150 — | 1594,50 | kr. 12629,50 |
| Kemur þá til útborgunar..... | kr. | 97720,50 |

Sje nú gert ráð fyrir, að þessar tekjur sjóðanna hrykkju nákvæmlega til að borga það, sem í frv. er áætlað, $\frac{5}{6}$ af læknavinnu, þá fá þeir enn fremur frá sjúklingunum sjötta partinn eða

| | | |
|--|-----|-----------|
| | kr. | 19544,10 |
| Samtals: | kr. | 117264,60 |
| Sje nú þessu skift milli 43 hjeraðslækna — mig minnir þeir vera það margir — þá kemur að meðaltali á hvern | — | 2727,08 |
| Par við fastalaunin | — | 1500,00 |
| Par við dýrtiðaruppbót | — | 600,00 |
| Samtals: | kr. | 4827,08 |

auk meðalasalunnar, sem líklega fer langt með það að fylla fimta þúsundið.

Hjer er þá jafnlangt gengið í því að bæta kjör læknanna eins og í frv. því, sem felt hefir verið hjer í hv. neðri deild, en það er ekki gert á kostnað

sjúklinganna, eins og í því frv. var ætlast til, heldur á kostnað þeirra heilbrigðu með landssjóðsstyrk, og það felli jeg mig betur við.

»Þeir verða að borga, sem geta«, og á þessum vandræða tímum verður ekki hjá því komist að ganga nær þeim, sem eitthvað hafa í afgangi — til hjálpar hinum, sem ver eru settir, — en ella væri talið nauðsynlegt.

Mjer dylst það ekki, að missmiði eru mörg á þessu frv. Jeg hefi þó ekki viljað fresta því að koma fram með það, í von um að fleiri háttv. þingmenn færu nú þegar að athuga þá leið, sem þar er farin, og gætu sem fyrst komið með þær bendingar, sem því mættu að gagni verða.